

Nd.

338. Frumvarp

til laga um frystigjald beitusildar.

Flm.: Garðar Þorsteinsson.

1. gr.

Þau samvinnufélög, er fengið hafa styrk úr ríkissjóði samkv. 5. gr. laga nr. 79 frá 19. júní 1933, til greiðslu stofnkostnaðar við að reisa frystihús, skulu skyld að taka að sér frysting beitusildar útgerðarmanna með þeim skilyrðum, er segir í lögum þessum.

2. gr.

Útgerðarmenn búsettir innan þess hrepps, þar sem frystihúsið er rekið, eiga kröfu til þess að fá frysta sild til beitu í frystihúsinu fyrir kostnaðarverð. Þó skal útgerðarmönnum aðeins heimilt að fá frysta sild fyrir sína eigin útgerð, eða þá útgerð, er þeir stjórna, séu þeir ekki sjálfir eigendur, og skal þeim óheimilt að selja síldina til annara.

3. gr.

Til þess að ákveða, hver sé hinn raunverulegi kostnaður við frysting sildarinnar, skal kosin þriggja manna matsnefnd. Tilnefnir félag útgerðarmanna einn, stjórn frystihússins eða eigendur þess annan, og hreppsnefnd þess hrepps, þar sem frystihúsið er rekið, hinn þriðja, og er hann formaður. Kosning matsnefndarinnar gildir fyrir eitt ár í senn og skal hún hafa farið fram fyrir 15. júlí ár hvert.

4. gr.

Til þess að ákveða frystigjaldið skal stjórn frystihússins eða eigendum þess skylt að gefa matsnefndinni allar upplýsingar um rekstur frystihússins undanfarin ár, svo og aðrar þær upplýsingar, er nefndin telur við þurfa.

5. gr.

Matsnefndin skal einnig meta, hvað kostar að geyma síldina á mánuði hverjum.

6. gr.

Eftir að matsnefndin hefir fengið allar nauðsynlegar upplýsingar um rekstur frystihússins skal ákveða, hver hinn raunverulegi kostnaður við frystingu og geymslu sé, og skal eigendum frystihússins, svo og útgerðarmönnum skylt að hlýða þeim úrskurði.

7. gr.

Nú neitar stjórn frystihússins eða eigendur þess að taka sild til frystingar, og skal þá matsnefndin kveða upp rökstuddan úrskurð um það, hvort sú neitun sé byggð á gildum ástæðum. Nú úrskurðar matsnefnd, að neitun frystihússtjórnar eða eigenda frystihússins sé ekki byggð á gildum ástæðum, og skal þá frystihúsið taka sildina til frystingar að viðlögðum dagsektum, er matsnefndin ákveður. Óréttmæt neitun varðar, auk sekta, skaðabótaskyldu til viðkomandi útgerðarmanns. Dagsektir samkvæmt þessari grein skulu og renna til þess aðila, er neitunin hefir komið fram gegn. Gera má aðför fyrir dagsektum.

8. gr.

Neitun um móttöku sildar til frystingar, byggð á því, að frystihúsið eða eigendur þess sjálfir aðeins frysti eigin sild, skal þó því aðeins talin gild ástæða fyrir að synja um móttöku sildar frá útgerðarmanni til frystingar, að eigendur hússins færi matsnefndinni sannanir fyrir því, að húsið geti ekki afkastað meiru en þörf félagsmanna krefur og reki eigi verzlun með frysta sild.

9. gr.

Nú hefir útgerðarmaður ekki átt kost á því að afhenda til frystingar ferska sild, en frystihúsið eða eigendur þess hafa frysta sild til sölu, og skal þá útgerðarmaður eiga kröfu til þess að fá sildina keypta með kostnaðarverði, eins og það verð er ákveðið af matsnefndinni.

10. gr.

Nú rekur samvinnufélag fleiri en eitt frystihús, en hefir ekki fengið styrk samkv. 5. gr. 1. nr. 79 frá 1933 til greiðslu stofnkostnaðar þeirra allra, og skulu þá lög þessi ná til þeirra frystihúsa samvinnufélagsins, sem ekki hafa sérstaklega verið styrkt.

11. gr.

Brot á lögum þessum varða 200–1000 króna sektum, og skal með mál út af brotum gegn þeim farið sem almenn lögreglumál.

12. gr.

Sektagreiðsla eða greiðsla dagsekta leysir ekki aðila undan skaðabótaskyldu samkv. almennum reglum skaðabótaréttarins.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með l. nr. 79 frá 19. júní 1933 voru heimilaðar ýmsar ráðstafanir vegna fjárkreppu þeirrar, er nú gengur yfir. Meðal annars var í 5. gr. nefndra laga ríkisstjórninni heimilað að greiða allt að $\frac{1}{4}$ hluta af stofnkostnaði frystihúsa samvinnufélaga. Þessi styrkveiting, sem ætlazt var til, að næði til þeirra frystihúsa, sem aðallega frysta kjöt til útflutnings, var veitt sökum þeirra erfiðleika, sem landbúnaðurinn hefir undanfarið átt við að stríða. Nú er svo komið, að sjávarútvegurinn mun eiga við engu minni erfiðleika að stríða en landbúnaðurinn, og þetta frumvarp miðar að því að lækka að örlitlu leyti einn útgjaldalið sjávarbóndans og sjómannsins.

Ríkissjóður hefir þegar greitt til stofnkostnaðar frystihúsa samvinnufélaga eins og hér segir:

1. Til Verzlunarfél. Hrútfirðinga	kr. 18179.80
2. — Kaupfélags Svalbarðseyrar	— 15736.46
3. — — V.-Húnvetninga	— 26678.95
4. — — Þingeyinga	— 43642.22
5. — — Stykkishólms	— 21104.65
6. — — Eyfirðinga	— 50481.10
7. — — Héraðsbúa	— 23310.65
8. — — N.-Þingeyinga	— 26842.50
9. — — Vopnfirðinga	— 15477.65
10. — — Skagfirðinga	— 30058.28
11. — Sláturfél. A.-Húnvetninga	— 30625.20
12. — — Skagfirðinga	— 15260.20
13. — — Suðurlands	— 56711.40

Hafa þannig verið greiddar samkv. heimild fyrrgreindra laga til samvinnufélaga rúml. 364 þús. krónur.

Þó að styrkurinn hafi aðallega verið veittur vegna frystihúsa, er aðallega frysta kjöt til útflutnings, þá er þó vitað, að þessi sömu frystihús jafnframt frysta sild til beitu í stórum stíl.

Eftir þeim upplýsingum, sem ég hefi aflað mér, mun raunverulegur kostnaður við að frysta sild nema 4—5 au. pr. kg., og geymsla sildar mun kosta ca. 1 eyri pr. kg. á mánuði. Þetta getur að visu verið nokkuð misjafnt, eftir stærð og gerð frystihúsanna. Hinsvegar munu útgerðarmenn nú greiða mun meira gjald fyrir frystingu sildarinnar. — Með því hinsvegar, að ríkissjóður hefir þegar styrkt samvinnufélögin vegna frystihúsabygginga í svo stórum stíl, sem raun ber vitni um, þá virðist ekki nema réttmætt, að Alþingi hlutist til um, að þau félög, er þannig hafa fengið styrk úr ríkissjóði, láti útgerðarmenn, sem þurfa að leita til þeirra með frystingu sildar, einnig njóta þessa styrks óbeint.

Í frv. þessu er farið fram á það, að útgerðarmenn, sem eiga heimili, eða reka útgerð sína innan sama hrepps og frystihúsið er rekið, fái frysta sild til beitu til útgerðarinnar fyrir það verð, er frystingin raunverulega kostar. Þar eð frystingarkostnaðurinn getur verið misjafn, er til þess ætlazt, að þriggja manna nefnd ákveði frystigjaldið fyrir eitt ár í senn.

Með því er fengin trygging fyrir því, að ekki sé gengið á rétt hvorugs aðila, enda ber frystihússtjórninni að veita allar nauðsynlegar upplýsingar um rekstur frystihússins undanfarin ár.

Nú er svo komið, að í flestum minni útgerðarstöðvum er aðeins eitt frystihús, og gæti það því komið sér mjög illa, ef frystihússtjórn eða eigendur þess neituðu að taka við sild til frystingar. Það er þess vegna til þess ætlaðt í frv., að matsnefndin kveði upp úrskurð um það, hvort slík neitun sé réttmæt, t. d. vegna þess að frystihúsið sé þegar fullt. Ef neitunin byggist hinsvegar ekki á réttmætum ástæðum, er nefndinni gefið vald til þess að skylda frystihússtjórnina, að við-iögðum dagsektum, til þess að taka við sildinni. Naumast þarf þó að gera ráð fyrir, að til slíks þurfi að koma. — Styrkurinn úr rikissjóði hefir verið bundinn við ákveðin íshús. Hinsvegar er það vitað, að sum samvinnufélög eiga fleiri en eitt frystihús, sem öll eru rekin í sambandi hvert við annað, þó styrkur hafi aðeins fengizt vegna eins þeirra.

Það þykir því rétt, þegar svo er ástatt, að binda ekki skylduna til frystingar við það frystihús eitt, sem hefir verið sérstaklega styrkt, heldur nær skyldan til allra frystihúsa samvinnufélagsins, þó félagið hafi aðeins fengið styrk vegna eins þeirra.